

Aðalfundur ÆSKP haldinn í Neskirkju 1. mars 2017

Fundur settur kl. 17:24

22 viðstaddir fundinn.

Daníel Ágúst Gautason kosinn sem fundarstjóri með lófaklappi.

Þórunn Harðardóttir kosin ritari með lófaklappi.

1 Skýrsla stjórnar, flutt af Evu Björk:

Fyrsta ári hennar sem formður lokið

European fellowship hefur áhuga á auknu samstarfi við ÆSKP

Sigríður Rún hefur sinnt verkefnastjórn KUF en gefur ekki kost á sér aftur núna. Leitar stjórn því eftir eftirmanni hennar.

Gleðigangan gekk vel í ár. Stjórnin var virk en fáir aðrir þátttakendur voru á vegum ÆSKP í göngunnar. Þemað var *Jörðum fordóma*.

Sunna Dóra og Jónína Sif stýrðu landsmóti 2016 og gekk það mjög vel. Vel var tekið á móti ÆSKP á Akureyri og fær bæjarfélagið þakkir fyrir það. Vegna minni styrkja þetta árið leitaði landsmótsnefndin til fyrirtækja fyrir norðan og gekk það nokkuð vel.

Fræðslan á mótinu var þrískipt, sjálf flutti ég erindi um miskunnsama Samverjann, á eftir mér tók Muhammed Emin Kizilkaya til máls og sagði frá lífi sínu og uppvexti sem 3 kynslóð innflytjandi í Danmörku og þeim hindrunum og tækifærum sem það hefur gefið honum. Að því loknu við magnþrungin framsögn feðginanna Khattab Al-Mohammad og Reem Khattab Al Mohammad um lífið í Sírlandi. Sú stund þegar Reem stóð fyrir framan unglíngana á landsmóti, verður seint eða aldrei numin úr huga þeirra sem voru viðstaddir. Virðingin og náungakærleikurinn sem endurspeglaðist þarna á þeirri stund var áþreifanleg og upplifunin einstök.

Landsmótsstjóri ÆSKP 2017 hefur verið valinn og mun Ása Laufey gegna því hlutverki. Þemað verður umhverfisvitun.

Stjórnin vill auka tengsl við æskulýðssleiðtoga úti á landi og verður áfram unnið að því.

2 Skýrsla framkvæmdastjóra, flutt af Jónínu Sif

Alþjóðleg samskipti: Síðan 2014 hefur æskp haft associate member þátttökuaðild að European Fellowship. Á síðasta ári var tekin ákvörðun um að ÆSKP yrði Full member aðili að sambandinu.

Margrét Árnadóttir tekur þátt í að skipuleggja Easter course 2017 sem haldið verður að þessu sinni í Silkeborg í Danmörku.

Landsmótið gekk vel og var staðsetningin frábær fyrir mót af þessari stærðargráðu. Lagt var upp að auka sýnileika mótsins og var það meðal annars gert með því að senda krakkana út í skemmtilegan ratleik þar sem notast var við snjallsíma til að vinna ýmis verkefni.

ÆSKP og ÆSKR héldu haustnámskeið fyrir leiðtoga í samvinnu við Biskupsstofu. Ákveðið var að hafa halda þrjú stutta fyrirlestra: Kærleikur og common sense, Barna- og æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar og Þroski barna og unglinga. Námskeiði var vel sótt en rúmlega 50 starfsmenn í barna og æskulýðsstarfi tóku þátt.

ÆSKP í samstarfi við ÆSKR, Kjalarnessprófastsdæmi og Biskupsstofu vinnur að leiðtogaþjálfun og er Farskóli leiðtogaefni fastur liður í því. Farskólinn er einnig haldinn á Austurlandi og stefnt er að undirbúningsnámskeiði fyrir farskólan á norðulandi á vormánuðum.

Stefán Már minnir á farskólan á austurlandi og spyr út í tengsl ÆSKP og Biskupsstofu varðandi það verkefni.

Elín Elísabet svarar Stefáni Má og segir að farskólarnir hafi haft samband við Biskupsstofu hvað varðar styrki en þeir þurfi að sækja styrkina. Elín bendir á að umsækjendur megi hækka styrkuppþæðina sem sótt er um. Elín segir að öðru leiti komi Biskupsstofa ekki nálægt farskólanum. Hér á höfuðborgarsvæðinu hafa peningamálin farið í gegnum Biskupsstofu þegar kemur að námskeiðum. Annars hefur Biskupsstofa einnig gkomið að því að kvitta undir skírteinið. Elínu finnst miður að dregið hafi úr heimild fyrir fjárheimild til landsmóts. Elín bendir á að aukið hafi verið í fjármagn Kristnisjóðs og hvetur stjórnina til að sækja um í þann sjóð og rökstyðja það vel.

Stefán Már spyr um ályktanir síðasta ársfund er varðar kirkjuþing og landsmót. Jónína svarar fyrirspurn Stefáns Má. Kirkjuþing var ekki haldið sömu helgi og landmót.

Stefán Már spyr um ályktun um fræðslustefnu þjóðkirkjunnar. Elín Elísabet segist hafa verið að ræða þetta málefni innan Biskupsstofu. Hver er vilji fólks innanhúss þegar kemur að þessum málaflokki. Í raun hafi Biskupsstofa fært þetta mál yfir á ÆSKP þar sem þeir hafa verið að veita ÆSKP styrki til að sinna þessu málefni. Biskupsstofa telur sig hafa komið þessu málefni yfir á ÆSKP og greiði sambandinu fyrir það.

Stefán Már vill taka það fram að ekki hafi verið rétt að KUF hafi rætt ályktanirnar heldur átti að senda þær beint á Biskup. Stefán telur ályktuna hafa átt að fara til Kirkjuráðs. Jónína segir að Þorvaldur hafi svarað þessu svo að þessi nefnd verði ekki starfrækt. Stefán Már vill taka þessa ályktun upp aftur á þessum aðalfundi og að þetta ferli fari aftur í gang.

Stefán Már vill benda á að verkefni Biskupsstofu eigi ekki að færast yfir á ÆSKP. ÆSKP á ekki að taka að sér þau störf sem Biskupsstofa á að sinna. Biskupsstofa á að sinna fræðslu og stefnumótun. Til að byrja með barðist ÆSKP gegn því að þessir þættir færðust yfir á ÆSKP. Þetta á ekki að eiga sér stað.

Elín Elísabet svarar Stefáni og segir að þessir þættir liggi á henni sjálfri en annars sé enginn annar starfsmaður að sinna því starfi. Elín segir að hún sé að sjá til þess að efni sé samið fyrir æskulýðsdaginn. Hún hafi undanfarið ár fengið pening 500.000kr til að láta gera þetta efni og hefur verið í samstarfi við ÆSKP um það nema í ár vegna siðbótarafmælisins. Elín segist vera með pening sem ætlaður sé í efnisgerð sem t.d. gæti verið notaður til búa til efni til að endurvekja grunnnámskeiðið að nýju. Elín fjallar um ýmislegt námsefni sem hún hefur látið gera og hvar það sé að finna. Elín Elísabet er talsmaður þessa málaflokks innan biskupsstofu.

Eva segir stjórnina vera með ýmsar hugmyndir sem tengjast þeim námskeiðum sem Elín segir frá. Eva fjallar um að ÆSKP sé nær grasrótinni og hafi því meiri tækifæri til að heyra hvað fólkíð á gólfinu vill fá.

Kristján segist ekki finna fyrir áhugaleysi. Hann segir þessa umræðu góða til að tækla þessa mannekleu sem er á Biskupsstofu. Kristján tekur undir það sem Stefán segir að skyldur varðandi framkvæmda á barna og æskulýðsstarfi liggi m.a. hjá Biskupsstofu. Þetta er þó ekki það eina sem pottur er brotinn hvað varðar framkvæmd á æskulýðsstarfi því vandinn liggi líka hjá kirkjununum sjálfum, hjá sóknarnefndunum. Hver sókn skal sjá um æskulýðsstarf, það sé ekkert val.

3 Ársreikningur, flutt af Guðmundi Karli

Tap ársins var tæpar 800.000 kr. Er það í samræmi við ákvörðun aðalfundar 2016 þar sem ákveðið var að skila 1.000.000 kr hagnaði Landsmóts 2015 inn í Landsmót 2016.

Guðmundur vakti sérstaklega athygli á því að reglulegur rekstrarkostnaður væri meiri en styrkir til reksturs. Styrkur til reksturs á árinu 2016 var 4.000.000 kr sem var lækkun frá fyrra ára.

Fjárhagsáætlun, flutt af Guðmundi Karli

Þau gleðitíðindi bárust að Kirkjumálasjóður samþykkti umsókn ÆSKP um 9.000.000 kr rekstrarstyrk fyrir árið. Það þýðir að hægt verður að bæta í starfsemi sambandsins og verður það hlutverk nýrrar stjórnar að vinna úr því.

Guðmundur sagði frá því að stjórn ÆSKP hefði tekið þá ákvörðun eftir Landsmót 2016 að fyrir Landsmót 2017 yrði kostnaður við rútur ekki inni í mótsgjaldi Landsmóts. Nokkrar ástæður liggja þar að baki:

- Ábyrgð ÆSKP á rútum er meiri en sambandið ræður við með góðu móti. ÆSKP hefur lítið sem ekkert um það að segja hvaða rútur eru notaðar en ábyrgðin liggur hins vegar hjá ÆSKP. Þetta sýndi sig á Landsmót 2016 þegar rúta í lélegu ástandi lenti tvisvar í vanda á leiðinni á mótið.
- ÆSKP hefur þurft að taka á sig óskilgreindan kostnað vegna gistingar og fæðis rútabílstjóra á mótinu. Með þessari breytingu er það ekki lengur hlutverk ÆSKP
- Meira frelsi skapast til að leita tilboða frá fleiri aðilum í rútuferðir.
- Á styttri leggjum mætti mögulega nýta foreldra og þannig spara kostnað.

Helstu rökin fyrir að hafa rútukostnað inni í mótsgjaldi er jöfnuður óháð búsetu á landinu. Til að koma til móts við það var ákveðið að leggja á sérstakt jöfnunargjald sem svo væri úthlutað til þeirra sem lengst þurfa að fara í réttu hlutfalli við vegalengd.

4 Starfsáætlun, flutt af Jónínu Sif

Námskeið fyrir ungleiðtoga verður haldið á Löngumýri í 11- 12. mars

Haustnámskeið ÆSKP og ÆSKR verður haldið í Reykjavík en framkvæmdin verður með svipuðu sniði og í fyrra. Boðið verður upp á fyrirlestrana í haust í gengunum fjarfundarbúnað, svo allir geti tekið þátt óháð búsetu eða kröfu um ferðalög.

Stefnt er að því að bjóða aftur upp á Grunnnámskeið fyrir leiðtoga í æskulýðsstarfi.

Verndum þau, námskeið verður haldið á austurlandi á starfsárinu, en námskeiðið hefur flakkað á milli landshluta og nú er komið að austurlandi.

Farskóli leiðtogaefna heldur áfram

Í ár verður Easter Course haldið af European Fellowship í Danmörku vikuna 9.-16. apríl nk.

KIRKJUPING UNGA FÓLKINS Verkefnastjórar í ár verða Ása Laufey Sæmundsdóttir og Kristján Ágúst Kjartansson. Kirkjuþingið mun fara fram 20 maí.

GLEÐIGANGAN Hjalti Jón Sverrisson mun leiða verkefnið fyrir hönd ÆSKP. Gleðigangan fer fram 12. ágúst. Við hvetjum öll æskulýðsfélög til þátttöku í viðburðinum.

Landsmót er stærsta verkefni ÆSKP, bæði hvað varðar umfang og vinnu. Landsmót verður að þessu sinni haldið á Selfossi dagana 20-22 október. Þema mótsins er umhverfisvitund og ábyrgð einstaklingsins á verndun sköpunarverksins.

5 Kosningar

Kosningar: Kosið er um formann og gjaldkera til tveggja ára, auk þess er kosið um ritara til eins árs, þar sem Þórunn Harðardóttir sér ekki fært að halda áfram sem ritari. Einnig er kosið um fimm varamenn til eins árs og skoðunarmenn reikninga.

Eva Björk Valdimarsdóttir fær kjör sem formaður, Ása Laufey Sæmundsdóttir sem ritari og Katrín Helga Ágústsdóttir sem gjaldkeri. Kjörnir varamenn eru: Bryndís Valbjarnardóttir, Daníel Ágúst Gautason, Guðmundur Karl Einarsson, Hjalti Jón Sverrisson og Bjarni Heiðar Jóhannsson. Núverandi skoðunarmenn reikninga fengu endurkjör, þeir Magnús Magnússon og Stefán Már Gunnlaugsson.

6 Önnur mál:

6.1 Aðildargjald

Tillaga frá stjórn um að gjaldið haldist óbreytt. Fundarstjóri opnar fyrir umræðu. Engar umræður. Fundarmenn samþykkja að halda gjaldi óbreyttu með handauppréttingu.

6.2 Rútur á Landsmót

Stefán Már vill taka til máls um rútumálið sem stjórnin kynnti undir liðnum ársreikningur. Stefán bendir á að ábyrgð í æskulýðsstarfi sé á gráu svæði. Kosturinn við það að rúturnar beri ábyrgð á

farþegunum sem þar eru en landsmótsstjóri ber ábyrgð á því rútuþyrri ræki sem er valið. Það er meira í húfi. Landsmót hefur gagnast rosalega vel til uppbyggingar á æskulýðsstarfi. Félög hafa myndað hópa til að fara á mótið og byggt upp tengsl innan hópsins. Stefán Már telur það ekki góða hugmynd að færa ábyrgðina á sveitafélögin eða nærsamfélagið. Stefán er ekki sammála því að það sé betra að semja sjálfur við rútuþyrirtækin. Hann telur að ódýrasti og besti kosturinn fyrir alla sé sá að rútumálin séu skipulögð út frá einni hendi.

Kristján er sammála Stefáni Má. Varðandi ábyrgðina þá liggur ábyrgðin hjá ÆSKP, sama hver það er sem skipuleggur rútuferðina sjálfa. Ef rúta á leið á Landsmót ÆSKP lendir í einhverju á leiðinni þá fellur ábyrgðin þar á ÆSKP frekar en einstaklinginn sem stendur fyrir rútnni.

Stefán Már segir að ÆSKP sé ekki að forða sér undan ábyrgð með því að færa þessa ábyrgð á félögin sjálf.

Guðjón og Ingunn benda á að þeim finnist þetta einnig óhentugt fyrirkomulag.

Guðmundur Karl útskýrir málið út frá sjónarhorni stjórnar ÆSKP. Með þá peninga sem stjórnin hefur þá er hún verr í stakk búin til að standa undir henni.

Stefáni Má finnst ekki rétt að varpa ábyrgðinni á aðra í æskulýðsgeiranum. Stefan Már vill koma með þá tillögu að fundurinn vilji ekki að breyting verði gerð á fyrirkomulagi rútumála á landsmót. Jónína útskýrir hvers vegna og hvaðan þessi ósk barst inn á borð stjórnar. En hún barst utan að landi.

Kristján óskar eftir að heyra tillöguna aftur. Kristján vill ítreka að það sé einfaldara fyrir félög á höfuðborgarasvæðinu að hafa samband við hann hjá ÆSKR hvað varðar rútumál. Töluvert flóknara fyrir landsbyggðina. Er líklegra til farsældar að setja rútumálin í hendur á óvönu fólki sem ekki kemur dagsdaglega að því að panta rútu og leita tilboða í ferðir?

Kristján segir að það sitji ekki allir við sama borð þegar að þessu kemur. Ef einhver klúðrar einhverju sem kemur að landsmóti þá muni það alltaf beinast að ÆSKP. Guðjón Andri tekur undir með Stefáni og Kristjáni og rökstyður af hverju.

Jónína útskýrir enn á ný af hverju þessi breyting var gerð. Guðmundur Karl sér ekki fyrir sér að hægt sé að halda mótsgjaldinu svo lágu nema halda okkur þá áfram við Inga. En gæðin hafa ekki alltaf fylgt þeim tilboðum sem þaðan koma. Það er mat GKE, þeirra sem koma að landsmótinu og fráfarandi stjórn að koma þurfi að rútumálunum betur. GKE sér ekki fyrir sér að staðið sé að þessu öðru vísi en að hækka mótsgjaldið þá umtalsvert.

Kristján ræðir enn rútumálið út frá sinni reynslu af því að panta rútur. Verðmunur rútuþyrirtækja var um 35%. Næstlægsta tilboðið var lægra en það sem ÆSKP hefur komið að síðustu tvö árin. Kristján hvetur núverandi stjórn til að skoða þetta vel.

Stefán minnr á að tillaga hans liggur á borðinu ennþá. Stefán Már virðist ekki vera móti því að hækka mótsgjaldið því hann telji breytingu á rútumálum hafi neikvæðari áhrif á landsmótið. Stefán brýnir að það sé mikilvægt að stíga varlega til jarðar. Það er ekki gott að stjórnin taki svona ákvörðun hér og nú án nokkurrar umræðu. Stefán vill láta gera könnun á næsta móti um það hvort mótsgestir séu samþykkir því að gera breytingu á rútumálum ÆSKP.

Guðmundur vill breyta tillögu Stefáns Má þannig að fundurinn ályktaði að stjórnin myndi halda áfram að ígrunda þetta mál. Guðmundi finnst þessi fundur ekki hafa rétt á að ákveða af eða á.

Stefán Már bendir á að það sem aðalfundur ákveður verði stjórn að fara eftir.

Fundarmenn sem eru þátttakendur í æskulýðsfélagi benda á að það sé mun áhugaverðara að fara með rútu á landsmót heldur en á eigin vegum.

Tillaga Stefáns Más hljóðar svo: Aðalfundur ÆSKP, haldinn 1. mars 2017 í Neskirkju, leggur til að áfram verði jafnt gjald fyrir alla þátttakendur og innifalið í gjaldinu verði rútukostnaður á landsmót æskulýðsfélaga Þjóðkirkjunnar.

Guðmundur Karl vill koma með breytingartillögu á tillögu Stefáns Más. Fundurinn beinir því til nýrrar stjórnar um ákvörðun um rútumál.

Fundarstjóri óskar eftir því að fundarmenn kjósi um tillögu Stefáns Más. 9 kjósa með tillögu Stefáns Más og 2 gegn henni. Tillagan er samþykkt.

Fundarstjóri óskar eftir fleiri öðrum málum.

- Stefán Már óskar eftir orðinu og vill ræða ályktanir síðasta aðalfundar ÆSKP. Þær voru tvær. Sú fyrri varðandi æskulýðsnefndina. Aðalfundur ítrekar fyrri ályktun um „að kirkjuráð taki fyrir starfsreglur æskulýðsnefndar Þjóðkirkjunnar á Kirkjubíngi svo hún megi starfa á ný. Æskulýðsnefndin getur verið mikilvægur samstarfsvettvangur í Æskulýðsmálum og styrkir innra samstarf í kirkjunni.“ Stefán Már er beðinn um að útskýra út á hvað æskulýðsnefndin gekk og af hverju á að endurvekja hana að nýju.
- Kristján vill ræða nefndina frekar. Er hætta á að þessi nefnd verði þegar upp er staðið gagnslaus? Eva spyr hvort ÆSKP geti sinnt hlutverki æskulýðsnefndar.

6.3 Ályktanir samþykktar á Aðalfundi 2017

Ályktun:

Aðalfundur ÆSKP ítrekar ályktun fyrra árs um að: kirkjuráð taki fyrir starfsreglur æskulýðsnefndar Þjóðkirkjunnar á Kirkjubíngi svo hún megi starfa á ný. Æskulýðsnefndin getur verið mikilvægur samstarfsvettvangur í Æskulýðsmálum og styrkir innra samstarf í kirkjunni.

Ályktun:

Aðalfundur ÆSKP tekur undir ályktun kirkjubíngs ungafólksins um endurvakningu stöðu æskulýðsfulltrúa Biskupsstofu og ítrekar ályktun aðalfundar 2016 um fræðsluefnisgerð Biskupsstofu þar sem segir: „Aðalfundur ÆSKP [...] harmar að Biskupsstofa hafi hætt samstarfi um fræðslunámskeið leiðtoga og einnig hætt að sinna efnisgerð fyrir unglingastarf. Fundurinn minnir á það er hlutverk Biskupsstofu að framfylgja fræðslustefnu Þjóðkirkjunnar með námskeiðum fyrir starfsfólk og gerð fræðsluefnis. Fundurinn beinir því til biskups að endurskoða þessa stefnu og blása til sóknar um barna og unglingastarf.“

Óskar fundurinn eftir því að ályktunin verði send beint til biskups Íslands.